



Gosminnisvarði í Vestmannaeyjum - Breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag Eldfells

Svör við athugasemdum á auglýsingatíma til umfjöllunar í skipulagsnefnd og bæjarstjórn

A1618-024-U01

25. apríl 2025

Inngangur

Breyting á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2023 og nýtt deiliskipulag Eldfells, vegna nýs listaverks og stígs í hlíðum Eldfells, voru auglýst 10. mars til 21. apríl 2025. Vestmannaeyjabær hefur fengið listamanninn Ólaf Elíasson til að hanna listaverkið, sem mun standa á nýjum útsýnisstað í Kirkjubæjarhrauni með nýja gönguleið frá hrauninu á Eldfell.

Skipulagsáætlanir vegna listaverksins voru áður kynntar veturinn 2022-2023 og auglýstar 14. mars til 24. apríl 2023. Þar sem málið þarfnaðist frekari skoðunar var skipulagið þó ekki afgreitt að lokinni auglýsingu. Megin áherslur skipulagsins eru óbreyttar og um áframhald sama máls að ræða.

Umsagnir á auglýsingatíma bárust frá eftirfarandi aðilum:

1. Vegagerðinni
2. Náttúrufræðistofnun
3. Náttúruverndarstofnun
4. Heilbrigðiseftirliti Suðurlands

Eftirfarandi eru helstu athugasemdir umsagnaraðila og svör við þeim.

Athugasemdir og svör

1. Vegagerðin

Umsögn

Vegagerðin vísar í samráð Vestmannaeyjabæjar, Alta og Vegagerðarinnar og gerir ekki frekari athugasemdir.

Svar

Eftir samráð við Vegagerðina hafa verið gerðar breytingar á deiliskipulagsupphætti og greinargerð þannig að gert er ráð fyrir einstefnu inn á aðalbílastæðið P1 vestast af Eldfellsvegi með útkeyrslu austast inn á afleggjara, sem liggur inn að Eldfellsgrónum.



2. Náttúrufræðistofnun Íslands

Náttúrufræðistofnun ítrekar umsagnir við tillögur á vinnslustigi.

Umsögn

- a. Markmið uppsetningar minnisvarða eru mörg hver mjög jákvæð. Það á t.d. að vernda og viðhalda náttúrulegu yfirbragði svæðisins með vandaðri uppbyggingu sem fellur vel að umhverfinu, draga úr ágangi framandi plöntutegunda, stýra umferð um svæðið og takmarka umferð ökutækja, einfalda stígakerfi með nýjum stíg sem verður hluti af upplifun listaverksins og leggja aðra stíga niður og færa þá aftur í náttúrulegt horf. Það kemur þó ekki nægilega vel fram á deiliskipulagsupprætti hvaða vegslóðum og stígum verður lokað og því erfitt að meta áhrifin. Ekki er heldur skýrt hvað felst í því að draga úr ágangi framandi plöntutegunda.

Eldhraun og gígar njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. í lögum um náttúruvernd og því þarf að huga sérstaklega vel að því að lágmarka allt rask á þeim. Umgengni í og við Eldfellið hefur verið ábótavant í gegnum árin og því getur minnisvarðinn stuðlað að bættu aðgengi og betra skipulagi innan svæðisins.

Svar

Í deiliskipulagsgreinargerð kemur fram að gert sé ráð fyrir að loka þeim stígum sem ekki koma fram á deiliskipulagsupprætti. Þeir skulu afmáðir og yfirborð fært til náttúrulegs horfs.

Það er framkvæmdaratriði að draga úr ágangi framandi plöntutegunda og því ekki settir ítarlegri skilmálar um það í deiliskipulaginu.

Markmið með deiliskipulaginu er að uppbyggingin verndi og viðhaldi náttúrulegu yfirbragði svæðisins og verður lögð áhersla á að frágangur á svæðinu verði til fyrirmyndar.

- b. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við staðsetningu minnisvarðans í hrauninu en setur spurningar við fyrirhugaða göngustíga upp á Eldfell. Almenn er æskilegt að göngustígar falli vel að náttúrunni og séu lítið áberandi. Hér á að fara þver öfuga leið og gera göngustígana áberandi og hluta af minnismerki um gosið. Göngustígurinn á fyrst að liggja yfir hraunið en þegar hann kemur að Eldfelli á hann að kvíslast. Vestari hlutinn verður mikið til á sömu slóðum og eldri stígar en sá eystri á að fara upp gíginn þar sem hann er það brattur að ekki er öruggt að leggja þar stíg án þess að vera með handrið og hvíldarpalla og því verður um mikið mannvirki að ræða og óvíst er hversu mikla festingu er að fá í gjallinu.

Eldfellið er mjög sýnilegur, um 200 m hár gígur nánast inni í Vestmannaeyjabæ, og er í dag vitnisburður um eldgosið 1973. Náttúrufræðistofnun telur að minnismerki ætti ekki að breyta náttúrulegri ásýnd gígsins, með áberandi og jafnvel upplýstum göngustígum.

Svar

Hringstígurinn er hluti af listaverki Ólafs Elíassonar og í stað þess að láta hann falla lítt áberandi að landslaginu, leggur listamaðurinn áherslu á að gera göngustíginn áberandi og hluta af minnisvarða um gosið. Samkvæmt Studio Ólafs Elíassonar (SOE) mun hringstígurinn undirstrika flæði hraunsins og gefa fólki þannig einstakt tækifæri til að tengjast jarðsögu landsins. Ganga um



Þennan minningarstíg muni dýpka skilning fólks og kenna því að meta náttúruna um leið og hún stuðlar að fræðslu og vitund almennings. Stígurinn leggi sitt af mörkum til almannaheilla með því að endurspegla áhrif okkar á umhverfið og fagna heillandi krafti náttúrunnar.

SOE bendir á að landslagslist sé hluti af veraldlegu umhverfi sínu og sýnileiki hennar sé lykilatriði til þess að hún þjóni sínu hlutverki. Sjónræn áhrif listaverksins sýna táknræna framsetningu landslagsins, mannvirki sem endurspeglar samband okkar við náttúruna. Með því að draga fram fagurfræðilegt og menningarlegt gildi landslagsins býður stígurinn upp á öfluga leið til að skilja og túlka umhverfi Heimaeyjar, sem gerir heimamönnum og gestum kleift að tengjast umhverfinu á nýjan og djúpstæðan hátt.

Umhverfis- og skipulagsráð og bæjarstjórn taka undir sjónarmið SOE og telur að ríkir almannahagsmunir séu í því fólgir að listaverkið fá að njóta sín eins og listamaðurinn leggur til.

3. Náttúruverndarstofnun (áður Umhverfisstofnun)

Náttúruverndarstofnun ítrekar umsagnir Umhverfisstofnunar, forvera Náttúruverndarstofnunar, við tillögur sem auglýstar voru í maí 2023.

Umsögn

- a. *Í vinnslutillögunni var gert ráð fyrir að göngustígur (sem er hluti af hringleið) liggi upp á óröskuðu hraunasvæði norðarlega á skipulagssvæðinu. Umhverfisstofnun telur það jákvætt að göngustígurinn var færður í tillögunni og látinn liggja í eldri stíg meðfram jaðri hraunsins.*

Svar

Tekið er undir þessa athugasemd. Legu stígsins var breytt eftir að að deiliskipulagstillagan var kynnt á vinnslustigi og athugasemd barst frá Umhverfisstofnun þannig að hann fer ekki lengur inn á óraskaða hraunsvæðið.

Umsögn

- b. *Í greinargerð kemur fram að Eldfell er á náttúruminjaskrá og er svæðið verndað vegna stórfenglegs landslags og fræðandi um myndun og mótun lands. Með því að taka alla jarðmyndunina undir fyrir minnisvarða mun það hafa þónokkuð inngrip í landslag svæðisins og hafa áhrif á ásjón þess að mati stofnunarinnar.*

Svar

Studio Ólafs Elíassonar (SOE) leggur áherslu á að göngustígurinn verði hannaður með ríka áherslu á afturkræfni með nýtingu endurvinnanlegra efna og lágmarks umhverfisáhrifum. Mannvirki verða lögð á jörðina og aðeins grundað þar sem nauðsyn krefur með virðingu fyrir náttúrulegu umhverfi og þannig að hægt verði að fjarlægja þau í framtíðinni. Þessi nálgun tryggir að landslagi eldfjallsins er ekki varanlega breytt.

Vestmannaeyjabær mun fylgja því eftir að hönnun verði eins afturkræf og unnt er og að frágangur allur verði til fyrirmyndar.



Umsögn

- c. *Umhverfisstofnun vill leggja áherslu á að lögð sé áhersla á að leggja göngustíga og tröppur þar sem göngustígar eru nú þegar, á svæðum sem hafa minnst áhrif á landslag og ásjón svæðisins og halda nýjum stígum/tröppum á öröskuðum svæðum í algjöru lágmarki.*

Svar

Að sögn SOE verður stígurinn byggður í samhljómi við landslag, með sjónræn áhrif, efni, liti og að lokum lýsingu sem listamaðurinn mun velja af kostgæfni til að skapa smekklega samsetningu. Þessi nálgun tryggir að uppbygging stígsins undirstriki stórbrotið umhverfið með áherslu á mikilvæga fagurfræði.

Umhverfis- og skipulagsráð og bæjarstjórn taka undir þessar áherslur SOE og mun fylgja þeim eftir við hönnun og uppbyggingu.

Umsögn

- d. *Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að leggja áherslu á að afmá eldri slóða sem mótvægisáðgerð við raski á öröskuðu landi.*

Svar

Markmið með deiliskipulaginu eru m.a. að uppbyggingin verndi og viðhaldi náttúrulegu yfirbragði svæðisins. Stígakerfi verður einfaldað með nýjum stíg sem verður hluti af upplifun listaverksins og aðrir stígar lagðir niður. Einnig verður vegslóða á svæðinu lokað til þess að vernda viðkvæma náttúru og færa stíga og vegslóða sem lagðir verða niður aftur í náttúrulegt horf. Það er því gert ráð fyrir að hinn nýi stígur verði eina leiðin upp á Eldfell og að hann muni koma í veg fyrir frekari átroðning og röskun á svæðinu.

Umsögn

- e. *Umhverfisstofnun vill vekja einnig athygli á að í 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis.*

Svar

Hringstígurinn er hluti af listaverki Ólafs Elíassonar og í stað þess að láta hann falla lítt áberandi að landslaginu, leggur listamaðurinn áherslu á að gera göngustíginn áberandi og hluta af minnisvarða um gosið. Samkvæmt Studio Ólafs Elíassonar (SOE) þá mun hringstígurinn undirstrika flæði hraunsins og gefa fólki þannig einstakt tækifæri til að tengjast jarðsögu landsins. Ganga um þennan minningarstíg muni dýpka skilning fólks og kenna því að meta náttúruna um leið og hún stuðlar að fræðslu og vitund almennings. Stígurinn leggi sitt af mörkum til almannaeilla með því að endurspegla áhrif okkar á umhverfið og fagna heillandi krafti náttúrunnar.



SOE bendir á að landslagslist sé hluti af veraldlegu umhverfi sínu og sýnileiki hennar sé lykilatriði til þess að hún þjóni sínu hlutverki. Sjónræn áhrif listaverksins sýna táknræna framsetningu landslagsins, mannvirki sem endurspeglar samband okkar við náttúruna. Með því að draga fram fagurfræðilegt og menningarlegt gildi landslagsins býður stígurinn upp á öfluga leið til að skilja og túlka umhverfi Heimaeyjar, sem gerir heimamönnum og gestum kleift að tengjast umhverfinu á nýjan og djúpstæðan hátt.

Umhverfis- og skipulagsráð og bæjarstjórn taka undir sjónarmið SOE og telur að listaverkið muni undirstrika landslagið og styrkja fagurfræðilegt og menningarlegt gildi þess.

4. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir engar athugasemdir.